

## Fundargerð 7. fundar efnisorðaráðs 15. febrúar 2005

Haldinn í fundarherbergi á aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, kl. 13-15.

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 1. Námskeið um lyklun

- a) *Formlegt boð til Lois Mai Chan vegna námskeiðs í lyklun*  
Formlegt boð til Lois samið sem Þórdís sendir í tölvupósti.
- b) *Samráðsfundur með framkvæmdastjóra Landskerfis*  
Ákveðið var að bjóða Árna á næsta fund efnisorðaráðsins þann 25. febrúar kl. 13. Haft var samband við Árna í tölvupósti.
- c) *Kynning og skipulagning námskeiðsins*  
Þórdís gerir drög að kynningarbréfi fyrir næsta fund.

### 2. Multites – svör

Guðný sendi fyrirspurn á Skruddu þann 2. febrúar sl. Miðað við þær upplýsingar sem Guðný og Ragna hafa fengið eru sex til sjö Multites-leyfi til í landinu. Fimm hafa áhuga á uppfærslu með íslenskri aðlögun. Guðný kannar málið nánar.

### 3. Sérefnislyklar

Ragna tók saman yfirlit yfir þá hópa sem eru að taka saman sérefnislykla. Fram komu upplýsingar um 11 aðila. Ragna aflar þeirra upplýsinga sem á vantar.

### 4. Verklag um lyklun í Gegni

Elísabet kannaði hjá Landskerfi bókasafna hvort hægt sé að takmarka lyklunar-réttindi skrásetjara og fékk þær upplýsingar hjá Sigrúnu Hauksdóttur að hægt væri að útiloka einstaklinga en það væri mikil vinna að halda utan um það. Ákveðið var að vísa því til skráningarráðs hvort setja eigi reglur um hæfni til lyklunar á sama hátt og reglur eru settar um hæfni til að skrá. Elísabetu falið að senda erindi til skráningarráðs.

### 5. Verkefni framundan í Gegni

Ragna lagði fram lista á fundinum um verkefni sem framundan eru í *Gegni* sem Elísabet tók að sér að bæta við hvað varðar efnisorð.

### 6. Stefnumörkun um lyklun.

Ákveðið að vinna á næstu fundum að grunnstefnumörkun um lyklun og skoða lyklun færslna í Gegni. Þórdís tekur saman nokkur atriði sem móta þarf stefnu um.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 16. feb. 2005